

Frá Þingvöllum.


„Ég er alltaf annars staðar en fólk heldur að ég sé . . “

Það er sjónin og náttúran sem vilja að ég búi til myndir

Texti: Illugi Jökulsson



Þóra Kristjánsdóttir.



J.S. Kjarval: Regntjöld vorsins 1964.



J.S. Kjarval: Þorpið 1947-67

Jóhannes Sveinsson Kjarval hefði orðið eitt hundrað ára hinn 15. október næstkomandi ef hann hefði lifað svo lengi. Og víst komst hann nær því en margur annar þótt núorðið verði ekki betur séð en önnur hver kerling haldi upp á aldarafmælið sitt. Kjarval lést hinn 13. apríl 1972 og var þá tæpra 87 ára að aldri. Og öll þessi ár féll honum varla verk úr hendi. Hann var sívinnandi að list sinni og oftast með pensil ellegar blýant milli stórgerðra fingranna enda var hann afkastamikill sem því nemur. Í rauninni veit enginn ennþá hversu mörg málverk hann festi á striga um dagana, hvað þá hversu margar teikningar hann hristi fram úr erminni. 250 málverk eftir hann verða hengd upp á mikilli sýningu sem Reykjavíkurborg stendur fyrir og opna mun á Kjarvalsstöðum (hvar annars staðar?) á 100 ára afmælisdeginum, en allur sá fjöldi er þó ekki nema svolítið brot af öllum verkum málarans. Kjarval sagði sjálfur um vinnusemi sína í samtali við Matthías Johannessen sem birtist á sínum tíma í Kjarvalskveri:

„Ég er ekki meistari sjálfur, ég er fjósamaður hans. En þeir sem vinna að einhverju öðru en meistarar í engu sérstöku, það er ákaflega merkilegt, ef þú hefur kynnst því. Ég hef eðli til að vinna og það hef ég alltaf haft, en ég er ekki meistari.“

Þrátt fyrir þessi hógværu orð tókst Kjarval ekki að sporna gegn því að hann öðlaðist nafnbótina „meistari“ í munni íslensku þjóðarinnar, einn fárra slíkra. Og á sýningunni á Kjarvalsstöðum nú í haust geta Íslendingar enn einu sinni endurnýjað kynnin við meistara sinn.

Enn einu sinni, já. Hvað verður þetta annað en ennþá ein Kjarvalssýningin? Skyldu menn ekki fara að verða leiðir á Kjarval?

Þóra Kristjánsdóttir, listráðunautur Kjarvalsstaða, svaraði þessari oflátungsfullu spurningu þannig:

„Það er ekki hægt að verða leiður á Kjarval. Hann var svo merkileg persóna, alveg burtséð frá málverkunum. Fólk hefur svolítið verið að einblína á furðuleg uppátækin í honum að undanförnu og vissulega voru þau mörg hver heldur skrýtin. En ég er alveg sannfærð um að þetta hafi ekki verið neinar innantómar tiktúrur hjá honum. Hann var . . . ja, hann var bara svona.“

Og hvernig þá? Því munu menn að líkindum geta kynnst allvel á sýningunni í haust. Auk málverkanna sem spanna allan feril Kjarvals frá upphafi verður nefnilega lögð sérstök áhersla á að kynna manninn, persónuna Kjarval og verður sá hluti sýningarinnar að mestu byggður upp á munum og pappírum sem hann átti sjálfur.

„Þegar Kjarval fór á sjúkrahús, þaðan sem hann átti síðan ekki afturkvæmt, þá ánafnaði hann Reykjavíkurborg drjúgan hluta eigna sinna. Menn hafa kannski ekki verið alveg á eitt sáttir um það hvernig staðið var að þessari gjöf en það er óhætt, held ég, að leggja þennan skilning í málið,“ sagði Þóra Kristjánsdóttir ennfremur. „Og þessar eigur hans voru svo settar niður í kassa og kassarnir innsiglaðir þar til almennilegt tóm gæfist til þess að flokka innihaldið og kanna. Flestallir kassarnir hafa síðan verið innsiglaðir í læstri geymslu fram á þennan dag. Nú erum við að fást við að opna þá og skoða innihaldið. Á því sem upp úr þeim kemur byggjum við þann hluta sýningarinnar sem fjallar um manninn Jóhannes Kjarval og verður hann á göngum hússins en málverkin í báðum sölunum. Auk þess verður stillt upp stækkuðum ljósmyndum af honum og þess háttar.“

Það kennir margra grasa í kössunum hans Kjarvals, enda voru þeir rúmlega 120 talsins. Kjarval eins og margir aðrir þeirrar náttúru að henda helst aldrei neinu og því er innanum heldur lítilfjörlegt dót en inni á milli hinir merk-